

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 26. júní 2020
UST202006-165/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - endurnýjun gönguleiða í Seltúni

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hafnarfjarðarbæjar, dagsett 12. júní 2020, um leyfi til að endurnýja gönguleiðir í Seltúni innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanefolkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að endurnýja gönguleiða í Seltúni í samræmi við gildandi deiliskipulag á svæðinu. Starfsmenn verkefnis verða 5 talsins og mun verkefnið taka 3 mánuði. Flytja þarf efni á staðinn til að búa til nýju stíganna og má búast má við raski á svæðinu meðan vinnan fer fram. Gömlu stígarnir verða notaðir eins og hægt er við framkvæmdir en að þeim loknum verða þeir fjarðlægðir. Framkvæmdarsvæðið verður skilgreint með merkingum og allt rask verður lágmarkað eins og hægt er. Stefnt er að hefja framkvæmdir í sumar.

Með nýjum stígum á svæðinu er stefnt að bæta öryggi, aðgengi og stýringu á svæðinu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif til skamms tíma en mun koma til með að bæta stýringu gesta á svæðinu og gæti því framkvæmdin haft jákvæð áhrif til lengri tíma. Ný gönguleið mun ekki vera eins náttúruleg og núverandi leið og mun breyta ásýnd svæðisins til muna en áhrif eru metin ásættanleg svo lengi sem gamlir göngustígar verða afmáðir að loknum framkvæmdunum.

Umhverfisstofnun minnir á umsögn sem skilað var vegna deiliskipulagsins í Seltúni en þar kemur meðal annars fram að mikilvægt sé að haft sé í huga að breidd stíganna sé ekki áætluð meiri en nauðsyn krefur og að sjónrænum áhrifum sé haldið í lágmarki, og að forðast allt óþarfa rask. Ef nýta á stálundirstöður og stálgataplötur þarf að huga að sjónrænum áhrifum og að slíkir stígar falli vel að umhverfinu áður en efni er valið.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyfi fyrir stígagerð í Seltúni 2020-2021 sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Forðast skal eins og hægt er að aka utan stíga.
- Loka skal gömlu stígunum svo fólk gangi ekki þar um og að loknu verkefni skal afmá gömlu göngustíganna alveg og endurheimta náttúrulega ásýnd svæðisins eins og hægt er.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri



René Biasone
sérfræðingur